

Deiliskipulag miðbæjar – Hafnarfjörður - verkefnastjóri

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir verkefnastjóra vegna fyrirhugaðrar breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar. Um er að ræð breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001.

Krafa er um að aðili hafi lokið meistaranámi í arkitektúr, landslagsarkitektúr, skipulagsfræði eða sambærilegu, og hafi reynslu af skipulagsgerð við áþekk verkefni og því sem hér um ræðir. Jafnframt hafi umsækjandi löggildingu skv. 25. og 26. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Ef um hóp er að ræða skal a.m.k. einn úr hópnum uppfylla framangreind skilyrði.

Allir umsækjendur sem uppfylla hæfniskröfur skulu láta fylgja ferilskrá og staðfestingu á ofangreindum skilyrðum er varða löggildingu.

Umsóknarfrestur er til 04.04. 2018. Reiknað er með að niðurstaða um þátttakendur liggi fyrir viku síðar.

Umsækjendur skulu senda upplýsingar og gögn sem sýna fram á að hæfniskröfum sé mætt til Þormóðs Sveinssonar, skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar thormodurs@hafnarfjordur.is í síðasta lagi 04. apríl 2018.